

Fundargerð háskólaráðs
381. fundur daginn 23. mars 2017
Borgir, 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:35.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Guðmundur Óskar Kristjánsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðuneytis
Elvar Jónsson varafulltrúi menntamálaráðuneytis

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 380. fundargerð

1702034

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

2. Rekstur

Ólafur Halldórsson kynnti rekstrarstöðuna.

Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er jákvæð um 3,2 milljónir.

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir fyrstu tvo mánuði 2017. Reksturinn er í jafnvægi en þó ekki alveg eins góður árangur ef miðað er við aukafjármagnið sem háskólanum var úthlutað í fjárlögum. Heildarniðurstaðan fyrir háskólann er að búið er að nýta 14,10% af áætlun en viðmiðið er 16,67%.

Ólafur yfirgaf fundinn.

3. Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar

1603021

Rektor kynnti niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna úttektar á kostnaði og skilvirkni kennaramenntunar í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Háskólaráð lýsir yfir ánægju með niðurstöður skýrslunnar.

Rektor sagði frá því að sambærileg úttekt væri í vinnslu hjá Ríkisendurskoðun um hjúkrunarfræðinám við HÍ og HA.

4. Stefnumótun

1703017

Rektor gerði grein fyrir stöðunni í stefnumótunarvinnu. Þór Clausen mun áfram vinna með háskólanum að ferlinu. Vinnan sem er í gangi núna er að sviðin og háskólaskrifstofa vinna nú sérstaklega með þá framtíðarsýn og markmið sem sett voru fram s.l. vetur. Rektor vakti athygli á því að í þessari vinnu skiptir máli að samkvæmt nýjum lögum um fjármál hins opinbera samþykkir ráðherra stefnu opinberra stofnana og því þarf stefnan að vera raunhæf miðað við stefnu stjórnvalda. Hluti af þessari vinnu er því að vinna að aðgerðaráætlunum og mælikvörðum. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki í júní. Áætlað er að kynna nýja stefnu og að ráðherra undirriti og staðfesti stefnuna á 30 ára afmælisdegi háskólans þann 5. september n.k.

Stóru póstarnir í stefnu háskólans til næstu ára og samningum við ráðuneytið snúa að doktorsnámi, dýpkun á því námi sem fyrir er, samningar við ráðuneytið um tækninám og kynjahlutföll.

Þór Clausen mun hitta háskólaráð á aprílfundi ráðsins.

5. Náms- og kennsluskrá 2017-2018

Náms- og kennsluskrá HA fyrir háskólaárið 2017-2018 hefur verið birt á heimasíðu skólans. Óskað er eftir staðfestingu háskólaráðs á náms- og kennsluskrá skv. 3. og 31. gr. reglna fyrir HA nr. 387/2009. Háskólaráð staðfestir fyrirlagða náms- og kennsluskrá.

6. Kennslualmanak 2017-2018

Rektor kynnti kennslualmanak næsta háskólaráðs, sem hefur verið birt á heimasíðu háskólans. Óskað er eftir staðfestingu háskólaráðs á kennslualmanaki í samræmi við 3. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir HA.

Verið að skoða uppsetningu á kennslulotum til framtíðar til að gera framsetninguna skýrari fyrir nemendur.

Háskólaráð staðfestir kennsluálganak næsta háskólaárs.

7. Doktorsnámsumsókn

1302059

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins. Niðurstaða átti að liggja fyrir í 3. viku mars en hefur ekki borist ennþá. Rektor hefur verið í samskiptum við gæðaráð íslenskra háskóla og menntamálaráðuneyti um þessa töf og vonast er eftir skýrum svörum sem fyrst, en ekki vitað enn hvenær niðurstaða muni berast.

8. Aukarannsóknamisseri 2018 – rannsóknamisseri doktorsnema/nýdoktora

1703018

Rektor leggur til að háskólakennarar geti sótt um rannsóknamisseri vegna doktorsnáms eða sem nýdoktorar til að vinna að birtingu greina úr ritgerð, þ.e. háskólakennarar sem uppfylla ekki skilyrði til að sækja um hefðbundið rannsóknamisseri samkvæmt reglum nr. 355/2012 um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri. Gert er ráð fyrir að starfsmenn sækji til forseta fræðasviðs og forseti fræðasviðs leggur til við rektor hverjum hann mælir með að verði úthlutað leyfi með tilliti til þarfa á viðkomandi sviði samkvæmt stefnu háskólans um að fjölga doktorsmenntuðum starfsmönnum. Um er að ræða tvö aukarannsóknamisseri fyrir hvert fræðasvið á árinu 2018, sem rektor veitir með heimild í 4. gr. reglna nr. 355/2012. Háskólaráð samþykkir tillöguna.

9. Aðalskipulag Akureyrar

Akureyrarbær hefur lagt fram tillögu um aðalskipulag til 2030. Háskólinn hefur fengið tillögurnar til umsagnar. Í þessum tillögum virðast vera breytingar á drögum að skipulagi sem áður hefur verið unnið að háskólasvæðinu. Mikilvægt að háskólinn hafi aðkomu að þessari vinnu og skili sínum hugmyndum.

Háskólaráð beinir því til rektors að óska eftir því við stjórn FÉSTA að unnar verði tillögu að uppbyggingu til framtíðar í húsnæðismálum nemenda í ljósi tillögu að aðalskipulagi Akureyrar.

10. Skipan háskólaráðs 2017-2019

1703001

Háskólaráð er skipað samkvæmt 5. og 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, 15. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og 3. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri.

Skipunartími flestra fulltrúa í háskólaráði rennur út 1. maí n.k. Fyrir liggur kosning fulltrúa háskólasamfélagsins á háskólafundi 29. mars n.k. Fulltrúi nemenda er kosinn á aðalfundi FSHA til tveggja ára og var kosinn síðast vorið 2016 til 2018. Óskað hefur verið eftir tilnefningu á fulltrúa menntamálaráðherra. Á fundi nýs háskólaráðs í maí verða kosnir fulltrúar háskólaráðs í ráðinu.

11. Önnur mál

- **Framlenging á skipunartíma framgangsnefndar**

1401029

Rektor óskar eftir samþykki háskólaráðs til að framlengja skipunartíma framgangsnefndar HA til 31. júlí 2017, en skipunartími nefndarinnar rann út 1. mars. Háskólaráð samþykkir tillögu rektors. Miða skal við að ný framgangsnefnd taki við þann 1. ágúst.

- **Samkeppnispróf í hjúkrunarfræði**

1703011

Lagt fram skriflegt erindi frá forseta heilbrigðisvísindasviðs með beiðni um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið HA á vormisseri 2018. Lagt er til að háskólaráð samþykki að takmarka fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. árs í hjúkrunarfræði við 55 nemendur. Við val á nemendum til náms á vormisseri 1. árs er farið eftir reglum um samkeppnispróf í hjúkrunarfræðideild HA. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:54.